LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

23. ágúst 2018

Efni: Umsögn LS við drög að frumvarpi um breyting á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og lögum nr. 36/1992 um Fiskistofu

Í formála að kynningu frumvarpsins er sagt að meginmarkmið þess sé að skapa traust til sjávarútvegs-ins með notkun á nýjustu tækni við eftirlit með vigtun, brottkasti og framhjálöndun. Það er mat LS að íslenskur sjávarútvegur njóti nú þegar mikils trausts og því ástæðulaust að bera það fyrir sig um ástæður þessa frumvarps. Það er aftur annað mál hvort ekki er hægt að gera betur.

Samkvæmt efni frumvarpsins er ætlunin að „traustinu“ skuli náð með eftirfarandi:

a. Á sjó - auknu eftirliti sem byggt verður á rafrænu vöktunarkerfi myndavéla sem fylgist með atferli sjómanna um borð í öllum skipum og bátum sem stunda veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilögsögu Íslands.
b. Í landi - auknu eftirliti með afla sem byggt verður á rafrænu vöktunarkerfi myndavéla sem fylgist með löndun, flutningi, vigtun afla á hafnarvog og endurvigtun.
c. Föst ísprósenta fyrir afla dagróðrabáta og vigtun lokið á hafnarvog.

Það eru vonbrigði að jákvæð viðbrögð LS við tillögum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um breyttar reglur við vigtun, sem fram komu í byrjun árs 2014, hafi ekki komist til framkvæmda. Það er mat LS að gildandi reglur hafi leitt til mismununar sem skekkt hafi samkeppnisstöðu innan kerfisins. Vigtarreglur hafa fengið það orð á sig, og ekki að ástæðulausu, að þar sé að finna stærstu ívilnun til kvóta sem í gildi er. LS hefur margsinnis vakið athygli á því ófremdarástandi sem ófullnægjandi ákvæði laganna leiða af sér varðandi mismunun og finnst miður að ekki hafi verið brugðist fyrr við.

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

Eftirfarandi tilvitnun úr 2. kafla greinargerðar með frumvarpi um breyting á lögum um vigtun sem varð að lögum árið 2017 styður framangreint:

> *„Fiskistofa hefur staðfest að í vissum tilvikum komi í ljós lægra íshlutfall þegar staðið er yfir endurvigtun en þegar ekkert opinbert eftirlit er við haft. Þannig er rökstuddur grunur um að aflamagn sé í þessum tilvikum skráð minna en það raunverulega er.“*

Ennfremur efni bréfs ráðuneytisins í byrjun árs 2014 þar sem óskað var eftir umsögn LS, en þar sagði *„að ein algengasta leiðin til að skjóta undan afla sé að skrá íshlutfall í afla hærra en það er í raun“.*

Í frumvarpsdrögum sem hér eru til umfjöllunar er lagt af stað með enn eina breytinguna á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Það er skoðun LS að frumvarpið auki á áreiðanleika við vigtun og leiði til heiðarlegri samkeppni í útgerð og fiskvinnslu. LS leggur áherslu á að leyfi til endurvigtunar verði ekki veitt nema að uppfylltum ströngum skilyrðum. Vakni grunur um misferli hjá þeim skal undanþágan tafarlaust afturkölluð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknu eftirliti á sjó, sem byggt verður á rafrænu vöktunarkerfi myndavéla sem fylgist með atferli sjómanna um borð í öllum skipum og bátum sem stunda veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilögsögu Íslands. Vegna smæðar skipa og búnaðar er það skoðun LS að slík krafa sé óraunhæf. LS lýsir af þeim sökum eindreginni andstöðu við slíkan búnað í bátum félagsmanna. Með tillögunni er alltof langt gengið í eftirliti hins opinbera og ekki á nokkurn hátt hægt að samþykkja upptökur af þessu tagi.

LS bendir á að margvíslegar ástæður eru fyrir því að fiski er skilað til síns heima við skipshlið. Í gildandi lögum er enginn greinarmunur gerður á því hvort um verðmæti er að ræða, það er brottkasti (lúða undanskilin) eða fiski sem leiðir eingöngu til kostnaðar vegna þess að ekki er markaður fyrir, það er förgun. LS leggur til að förgun fisks við veiðar verði heimiluð, það er fisk sem ekki er markaður fyrir, þar með talinn lifandi fiskur sem veiddur er á línu og handfæri undir skilgreindum stærðarmörkum. Með breytingunni fengi lífríkið að njóta þess sem það leggur til.

Þá verða úr sögunni öll þau vandamál sem verðlaus- eða verðlítill afli skapar í landi, meðferð, löndun, sölumeðferð, förgun og mengun svo eitthvað sé nefnt.

Jafnt og um landaðan afla yrði skylt að skrá förgun við skipshlið og haldið verði utan um það eins og annan afla sem færður er í afladagbók. Það er mat LS að breytingin mundi gera lög skilvirkari og hvati til brota minnka.

Að öðru leyti telur LS rétt að byggja áfram á þeim reglum sem í gildi eru við veiðar smábáta.

Virðingarfyllst

Axel Helgason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is